

FÓKUS

Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

ÁRSSKÝRSLA 2011

Stjórn Fókus

Á síðasta aðalfundi þ. 25. nóvember 2010 í Hringssal Landspítalands voru Ásgerður Magnúsdóttir og Bjarni Þór Björnsson kosin til tveggja ára og Arna Harðardóttir og Guðjón Vilhjálmsson voru kosin í varstjórn til eins árs. Valgerður Gunnarsdóttir var endurkjörin formaður til eins árs og Benedikt Benediktsson og Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir áttu eitt ár eftir af sínu tímabili. Stjórnin var þá þannig skipuð:

<i>Formaður</i>	Valgerður Gunnarsdóttir
<i>Ritari og varaformaður</i>	Benedikt Benediktsson
<i>Meðstjórnendur</i>	Bjarni Þór Björnsson Ásgerður Magnúsdóttir Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir
<i>Varamenn</i>	Arna Harðardóttir Guðjón Vilhjálmsson

Haldnir hafa verið fjórir stjórnfundir á árinu.

Félagsmenn

Félagsmenn eru nú 59 talsins og hefur enn fækkað frá síðasta ári. Kynjaskipting er enn nokkuð jöfn, nú eru 32 konur og 27 karlar í félaginu. Dreifing milli starfsgreina er svipuð og áður.

Fræðslufundir og ráðstefnur

- Heilbrigðisráðstefna á vegum Fókus og Ský var haldin þ. þann 17. febrúar á Grand hóteli kl. 13.- 16.30 undir yfirskriftinni: **Aðgengi að heilbrigðisupplýsingum. Hvar erum við stödd? Hvert erum við að fara?** Ráðuneytisstjóri velferðarráðuneytisins ávarpaði ráðstefnuna og erindi fluttu: **Guðrún Auður Harðardóttir velferðarráðuneytinu** um; Samtengingu heilbrigðisstofnana í ljósi nýrra heilbrigðislaganna, **Eypór Björnsson, LSH og Læknasetri, Linda Kristjánsdóttir, HVE Borgarnesi og Kristján Guðmundsson, Heilsugæslustöðin Glæsibæ** um; Aðgengi upplýsinga milli stofnana, hvað hef ég og hvað vantar, framtíðarsýn? **Ísleifur Ólafsson LSH** um; Rafrænan aðgang að niðurstöðum lækningarannsókna á Íslandi, **Hákon Sigurhansson EMR** um; Miðlægt lyfjakort– Hvað þarf tiltæknilega (og lagalega), **Ingibjörg Hjaltadóttir** um; Rafræna skráningu og gæðaviðmið - innleiðingu RAI-mats hjá velferðarsviði Reykjavíkur, **Benedikt Benediktsson SÍ** um; Aðgengi að upplýsingum Sjúkratrygginga Íslands og að lokum **Sigurður Másson Skýrr** um; Norrænt þróunarverkefni - Framework

for the secure eHealth service over the open smart phone platform.

Fundarstjóri: **Óskar Einarsson, LSH**

- Fundur var haldinn um hvað væri framundan í rafrænni hjúkrunarskráningu þann 7. apríl í Hringisal Barnaspítalans. Erindi fluttu; **Jónína Sigurgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur BS, MS, gæðastjóri á Reykjalundi** um; Hjúkrunarskráningu á Reykjalundi - innleiðingu hjúkrunarhluta sjúkraskrárkerfisins DIANA“, **Herdís Gunnarsdóttir, hjúkrunar- og viðskiptafræðingur MSc, MBA, verkefnastjóri á LSH** um; Ný tækifæri með hjúkrunarskráningu í Sögu og voru umræður á eftir. Fundarstjóri var **Jóhanna F. Jóhannesdóttir, hjúkrunarfræðingur MSc, verkefnastjóri á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og stjórnarmaður í Fókus**.
- Þann 13. október var haldinn fræðslufundur um SNOMED CT og rafræn læknaþrætt í húsnæði TM software að Borgartúni 37. Þar talaði **Guðjón Vilhjálmsson, hugbúnaðarverkfræðingur hjá EMR** um; Rafrænar sendingar læknaþrætt milli stofnana með Heklu og **Lilja Sigrún Jónsdóttir, læknir á heilbrigðisupplýsingasviði Embættis landlæknis, Ásta St. Thoroddsen, dósent við hjúkrunarfræðideild HÍ og Arna Harðardóttir, verkefnastjóri á Landspítalanum** héldu erindi sem nefndist; Ísland í SNOMED CT - Hver er ávinningur og næstu skref? Fundarstjóri var **Valgerður Gunnarsdóttir formaður Fókus** og mættu 36 manns á fundinn.
- Síðasti fræðslufundur ársins var haldinn 1. desember í húsnæði TM software að Borgartúni 37. Þar hélt **Jóhanna F. Jóhannesdóttir hjúkrunarfræðingur MS og verkefnastjóri á Heilbrigðisstofnun Vesturlands** erindi sem hún nefndi : Rafræn sjúkraskrá á Heilbrigðisstofnun Vesturlands – sameining og samþætting, hver er ávinningurinn? Í erindinu fór hún yfir undirbúning, innleiðingu, samræmingu verklags við sameiningu sjúkraskráa á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og hverju sameiningin hefði breytt nú tæpum tveimur árum síðar. Fundarstjóri var **Valgerður Gunnarsdóttir formaður Fókus** og mættu 18 manns á fundinn.

Erlend samskipti

Formaður Fókus sat fund fulltrúaráðs EFMI í Laskô í Slóveníu 13. apríl í tengslum við STC 2011 ráðstefnu sem Slóvenska upplýsingatæknifélagið stóð fyrir 13. -15. apríl. Þar flutti formaður lokaskýrslu vegna STC 2010 ráðstefnunnar á Íslandi í fyrra. Fulltrúaráðið lýsti yfir mikilli ánægju með íslensku ráðstefnuna og alla framkvæmd hennar.

Lokaorð

Ég læt nú af störfum sem formaður Fókus eftir 7 ár, eða frá stofnun félagsins. Við þau tímamót vil ég þakka öllum félagsmönnum sem hafa verið virkir og áhugasamir og ekki síður þeim stjórnarmönnum sem hafa setið í stjórn þennan tíma, sum jafnlengi og ég. Það hafa verið sérstaklega ánægjuleg kynni og gott samstarf. Einnig þakka ég stjórn og framkvæmdastjóra Skýrslutæknifélagsins fyrir mjög góða samvinnu og stuðning við félagið. Félaginu óska ég góðs gengis og vona að það verði áfram styrkur vettvangur fyrir umræðu, fræðslu og skoðanaskipti um okkar mikilvæga fag, upplýsingatæknina í heilbrigðiskerfinu.

Reykjavík, 2. desember 2011, Valgerður Gunnarsdóttir, fyrrverandi formaður Fókus